

Árið 2012, mánudaginn 12. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, af Ragnheiði Thorlacius, héraðsdómara, kveðinn upp í málinu nr. E-317/2011:

Flutningsfélagið Klettur ehf.

*(Bjarni Þór Óskarsson hrl.)*

gegn

Gunnbirni Steinarssyni

*(Jóhannes Ásgeirsson hrl.)*

svofelldur

#### **ú r s k u r ð u r :**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda þann 16. febrúar sl., er höfðað af Flutningsfélaginu Kletti ehf., kt. 000000-0000, Langagerði 124, Reykjavík, með stefnu birtri þann 11. október 2011, gegn, Gunnbirni Steinarssyni, kt. 000000-0000, til heimilis að Heiðarbrún 48, Hveragerði.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 188.250,00 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 188.250,00 frá 24.06.2010 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að teknu tilliti til innheimtukostnaðar fyrir löginnheimtu.

Stefndi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og til þrautavara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Þá krefst stefndi í öllum tilvikum málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti.

Í þessum þætti málsins verður fjallað um frávísunarkröfu stefnda en munnlegur málflutningur fór fram um hana þann 16. febrúar sl.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði synjað og stefnanda dæmdur málskostnaður að mati dómsins vegna þessa þáttar málsins.

### *Málavextir.*

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig að krafa stefnanda sé til komin vegna viðskipta stefnda við stefnanda, en stefnandi hafi séð um viðhald og rekstur vatnsveitu í Hrífunesi fyrir árin 2008, 2009 og 2010.

Í greinargerð stefnda er málavöxtum lýst þannig að í maí 2007 hafi Haukur Snorrason og kona hans keypt landspildu, ásamt sumarhúsi í Hrífunesi í Vestur-Skaftafellssýslu af Hrífunesi ehf., en þá hafi fyrirsvarsmaður þess félags verið Garðar Bergendal, fyrirsvarsmaður stefnanda. Stefndi hafi síðan keypt áðurnefnt sumarhús og áðurnefnda landspildu af nefndum Hauki og konu hans þann 6. febrúar 2009. Í kaupsamningum og afsölum milli þessara aðila sé hins vegar hvorki getið um vatnsréttindi stefnanda málsins né upphaflega landeigandans, Hrífuness ehf. Þegar stefndi hafi fyrst fengið afnot af sumarhúsinu, síðla árs 2007, hafi þar hvorki verið rennandi kalt né heitt vatn og stefndi því þurft að notast við rigningavatn eða sækja vatn í bæjarlækinn. Með kaupum á sumarhúsinu hafi stefndi því hvorki keypt réttindi til vatnstöku eða vatnsveitu, né gengist undir skyldur varðandi kaup á vatni. Stefndi segir að áðurnefndur Haukur Snorrason, sem seldi stefnda sumarhúsið, hafi sumarið 2008 samið við landeigandann, Hrífunes ehf., um að hleypa köldu vatni á lög्न frá gömlu þjónustumiðstöðinni í Hrífunesi, sem renni niður í móti frá þjónustumiðstöðinni að húsi Hauks í Hrífunesi. Við það hafi, án vitneskju stefnda, komið rennandi kalt vatn í krana í sumarhúsi stefnda sem standi töluvert neðar en hús Hauks. Það hafi síðan orðið að samkomulagi milli stefnda og Hauks að stefndi þyrfti ekki að greiða fyrir vatnsnotkun sína, enda væri um umfram vatn að ræða, auk þess sem vatnsnotkun stefnda hafi verið óveruleg og sumarhús stefnda nánast óíbúðarhæft.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi segir kröfuna, samtals að fjárhæð 188.250 krónur, byggða á reikningi útgefnum þann 24. júní 2010 með gjalddaga sama dag. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum aðila hafi verið tilgreindur á innheimtuviðvörðun og við það tímamark miðist dráttarvaxtakrafa í kröfugerð. Innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur og því hafi verið nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu kröfunnar og krefst stefnandi þess að við ákvörðun málskostnaðar honum til handa verði tekið tillit til kostnaðar stefnanda af innheimtuviðvörðun og milliinnheimtu samkvæmt framlögðum gögnum.

Stefnandi vísar kröfu sinni til stuðnings til reglna samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Varðandi kröfu um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, vísar stefnandi til laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og um málskostnaðarkröfu vísar stefnandi til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá er í stefnu gerður áskilnaður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Í málsástæðnakafla greinargerðar stefnda er ekki gerður greinarmunur á málsástæðum að baki aðal-, vara- og þrautavarakröfum stefnda.

Stefndi kveður kröfugerð stefnanda, eins og hún komi fram í framlögðum reikningi, illskiljanlega og ekki skýri stefnan málið en krafan sé byggð á rekstri og viðhaldi vatnsveitu og sé í stefnu vísað til samninga- og kröfuréttar. Stefndi hafi aldrei átt í viðskiptum við stefnanda, aldrei þegið af honum vöru eða þjónustu og aldrei tekið þátt í rekstri vatnsveitu né eigi hlut í vatnsveitu og því hljóti viðhald hennar að vera honum óviðkomandi. Stefndandi hafi hvorki lagt fram gjaldskrá né gögn um það á hvaða grunni kröfur hans á hendur stefnda byggist eða gögn um að hann hafi kynnt stefnda kröfur sínar. Stefndandi hafi því í engu rökstutt kröfur sínar og því síður sýnt fram á hvernig kröfufjárhæðin sé tilkomin. Ónákvæmni sé í kröfugerð stefnanda varðandi virðisaukaskatt og ekki sé gerð grein gerð fyrir þeim grunni sem krafan byggist á. Þá sé ekki ljóst í stefnu fyrir hvaða tímabil reikningar séu en stefndi hafi eignast sumarhús sitt í Hrífunesi þann 6. febrúar 2009, en fengið afnot þess í árslok 2007. Eigi stefndandi einhverja kröfu fyrir febrúar 2009 beinist hún að röngum aðila.

Samandregið segir í greinargerð í kafla um meginatriði málsástæðna að málatilbúnaður stefnanda sé svo vanreifaður að ekki verði við unað, eða úr bætt, og sé þannig ekki fullnægt áskilnaði e. liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og beri því að vísa málinu frá dómi. Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfu stefnda var bætt úr misritun á lagatilvísun í greinargerð, en þar var eingöngu getið um staflið og málsgrein, en tilvísun til greinarinnar sjálfar hafði þar fallið niður.

Stefndi vísar einnig til þess að stefndi hafi hvorki gert samning við stefnanda né gengist undir neinar skyldur fyrri eiganda við stefnanda og sé því sýknukrafan m.a. byggð á aðildarskorti, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Þá vísar stefndi til tómlætis en stefndandi hafi ekkert aðhafst frá því stefndi keypti sumarhús sitt fyrr en með útgáfu reikninga í júní 2010. Þá sé krafan beinlínis röng en stefndi hafi eignast sumarhús sitt í febrúar 2009 og geti hann því ekki borið ábyrgð fyrir þann tíma, auk þess sem krafa stefnanda um virðisaukaskatt sé röng.

Þá er í greinargerð gerður áskilnaður um að reifa málið frekar, leggja fram ný gögn og bera fram nýjar málsástæður gerist þess þörf.

#### *Niðurstæða.*

Stefndi byggir frávísunarkröfu í máli þessu á því að stefnan uppfylli ekki skilyrði e. liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði skal í stefnu greina svo glöggst sem verða má málsástæður þær er stefndandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, en þessi lýsing skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið sé.

Í stefnu kemur fram að krafan sé til komin vegna viðskipta stefnda við stefnanda og að stefndandi hafi séð um rekstur og viðhald vatnsveitu í Hrífunesi árin 2008, 2009 og 2010. Einnig kemur fram í stefnu að krafan byggji á framlögðum reikningi með tilgreindri fjárhæð og tilgreindum útgáfudegi og gjalddaga. Þá er í framlögðum reikningi gjald fyrir hvert almanaksár tilgreint. Því skortir ekki á að í stefnu hafi

verið gerð grein fyrir málsástæðum og atvikum sem málatilbúnaður stefnanda byggðist á. Sakarefnið var ljóst og gafst stefnda kostur á að verjast kröfunni með því að færa fram málsástæður og sönnunargögn. Þá er til þess að líta að aðilar hafa ekki lýst gagnaöflun sinni fyrir dómi lokið. Málsástæður stefnda í greinargerð um að samningssamband hafi ekki verið milli aðila málsins, stefndi hafi aldrei þegið af stefnanda vöru eða þjónustu, tekið þátt í rekstri eða átt hlut í vatnsveitu varða hins vegar efnishlið málsins og leiða ekki til frávísunar þess. Sama á við um tómlæti af hálfu stefnanda.

Að mati dómsins er samkvæmt framansögðu ekki efni til að vísa máli þessu frá dómi og er kröfu stefnda um það því hafnað.

Rétt þykir að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms í málinu.

Ragnheiður Thorlacius héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

### **Ú r s k u r ð a r o r ð :**

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.

Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms.

Ragnheiður Thorlacius.